

Heilbrigðisnefnd

Ár 2022, fimmtudaginn 8. desember kl. 11:04, var haldinn 135. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hjálmar Sveinsson, Jórunn Pála Jónasdóttir, Sandra Hlíf Ocares og Ólafur Jónsson frá Samtökum atvinnulífsins. Ellen Jacqueline Calmon tók sæti á fundinum með rafrænum hætti. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Vigdís Þóra Sigfúsdóttir og Dagný Alma Jónasdóttir.

Fundarritari var Snædís Karlsdóttir Bergmann.

Þetta gerðist:

1. Kynning á ráðningu í stöður heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Jóhanna Margrét Haraldsdóttir og Pétur Halldórsson.
2. Lögð fram og kynnt skýrsla Eflu, dags. október 2022: Kortlagning hávaða við Reykjavíkurflugvöll. Margrét Aðalsteinsdóttir hjá Eflu, Haraldur Ólafsson, deildarstjóri flugumferðarstjórnar Isavia ANS og Viðar Jökull Björnsson, flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar taka sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Kynning á tillögum að starfsleyfisskilyrðum Björgunar ehf.
4. Kynnt árshlutauppgjör Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir janúar til september 2022. Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.), 390. mál ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 2. desember 2022.
6. Kynning á gildistöku og framkvæmd reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur.
7. Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 8. nóvember 2022, 11. nóvember 2022, 15. nóvember 2022, 16. nóvember 2022, tvær frá 18. nóvember 2022, 22. nóvember 2022, 24. nóvember 2022 og 29. nóvember 2022.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 12:05**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Ellen Jacqueline Calmon
Jórunn Pála Jónasdóttir
Sandra Hlíf Ocares

Hjálmar Sveinsson
Ólafur Jónsson